

Reglur um notkun sorpíláta úr plasti

Algengt er að sorpílát sveitarfélaga séu úr plasti. Sorpílát þessi eru 240 lítra, 13 - 17 kg að þyngd, gerð úr polyethylen og eru búin tveimur hjólum og loki.

Brunamálastofnun hefur látið brenna nokkur þessara nýju sorpíláta í tilraunaskyni til að kanna hvernig þau brenna og til að meta nauðsynlegar fjarlægðir þeirra frá húsum en alloft hefur orðið tjón á húsum út frá brunum í þannig sorpílátum. Lítill munur kom í ljós á brunaeiginleikum einstakra gerða iláta sem brennd voru en þó brunnu léttari ilátin fyrr en hin þyngri.

Um sorpgeymslur gilda ákvæði gr. 84 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Þar segir m.a. að gerð sorpíláta sé háð samþykki heilbrigðisnefndar. Ef óskað er eftir að nota sorpílát úr plasti skal miða við eftirfarandi reglur sem taka mið af niðurstöðum ofangreindra prófana:

1. Þegar um er að ræða eitt eða tvö sorpílát skulu þau standa a.m.k. 3 m frá timburvegg en a.m.k. 2 m frá járnklæddum vegg eða vegg með yfirborð í flokki 1, og þau mega standa upp við vegg á steinhúsi. Fjarlægðin skal þó aldrei vera minni en 3 m miðað við stystu láréttu fjarlægð í glugga eða timburþakskegg en 5 m sé mælt lóðrétt.
2. Séu sorpílátin 3 eða fleiri skal miða við ofangreindar fjarlægðir að viðbættum 2 m.
3. Séu sorpílátin fleiri en 10 skal hafa þau í óbrennanlegum E30-skýlum sem opnast frá húsinu, mest 10 í hverju skýli. Sama gildir verði ofangreindum fjarlægðarreglum ekki viðkomið enda þótt sorpílátin séu færri.
4. Bannað er að nota sorpílát úr plasti innandyra, nema í sorpgeymslum sem byggðar eru í samræmi við ofangreind ákvæði byggingarreglugerðar.